# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing; á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati, sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef Menntamálastofnunar https://mms.is/stadfestar-namsbrautalysingar.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Bókband, bókbindari, hæfniþrep 3 | (19-349-3-8) |
| Grafísk miðlun, prentsmiður/grafískur miðlari, hæfniþrep 3 | (19-274-3-8) |
| Grunndeild rafiðna, grunnnám starfsgreina, hæfniþrep 2 | (19-172-2-5) |
| Grunnnám rafiðna, grunnnám starfsgreina, hæfniþrep 2 | (19-314-2-5) |
| Húsasmiður, húsasmiður, hæfniþrep 3 | (19-295-3-8) |
| Húsasmíðabraut, húsasmiður, hæfniþrep 3 | (19-387-3-8) |
| Húsasmiðabraut, húsasmiður, hæfniþrep 3 | (19-317-3-8) |
| Ljósmyndun, ljósmyndari, hæfniþrep 3 | (19-280-3-8) |
| Prentun, prentari, hæfniþrep 3 | (19-350-3-8) |
| Rafeindavirkjun, rafeindavirki, hæfniþrep 3 | (19-272-3-8) |
| Rafveituvirkjun, rafveituvirki, hæfniþrep 3 | (19-273-3-8) |
| Rafvirkjabraut, rafvirki, hæfniþrep 3 | (19-412-3-8) |
| Rafvirkjun – samningsleið, rafvirki, hæfniþrep 3 | (19-275-3-8) |
| Rafvirkjun – skólaleið, rafvirki, hæfniþrep 3 | (19-373-3-8) |
| Rafvirkjun – verknámsleið, rafvirki, hæfniþrep 3 | (19-276-3-8) |
| Sjúkraliðabraut, sjúkraliði, hæfniþrep 3 | (19-408-3-8) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (19-411-1-12) |
| Stoðbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (19-423-1-12) |
| Stúdentsbraut – opin lína, stúdent, hæfniþrep 3 | (19-410-3-6) |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs, stúdent, hæfniþrep 3 | (19-370-3-7) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 30. mars 2019.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*